

## Fundargerð aðalfundar foreldrafélags Víkurskóla haldinn 12. september 2023

Mættir úr stjórn: Ásta Alda formaður, Harpa Elín meðstjórnandi, Kolbrún Magga gjaldkeri Margrét Lilja ritari og Sólveig Sigríður meðstjórnandi

Aðrir mættir: 10 foreldrar

Formaður setti fundinn kl. 18, Harpa Elín var fundarstjóri og Margrét Lilja ritaði fundargerð.

### 1. Skýrsla stjórnar

Ritari kynnti skýrslu stjórnar.

### 2. Ársreikningur

Gjaldkeri kynnti reikninga og þeir voru samþykktir

### 3. Kosning í stjórn.

Í stjórn eru Ásta Alda, Kolbrún Magga, Margrét Lilja, Harpa Elín og Solveig Sigríður. Ingibjörg Jenný og Þorbjörg eru varamenn.

Stjórnin býður sig fram aftur. Engin mótframboð komu og það var samþykkt samhljóða að stjórnin héldi áfram. Ingibjörg Jenný er flutt og fer því úr stjórn sem varamaður, Kristína Hajniková var kosin í hennar stað. Samþykkt samhljóða.

**4. Kosning fulltrúa í skólaráð.** Bergný Ösp og Petra Kristín eru fulltrúar í skólaráði. Petra óskar eftir að hætta í skólaráði, Sveinn Sigurðsson kemur inn í hennar stað Beata er varamaður.

### 5. Kosning áheyrnarfulltrúa á fundi fjölskyldu, frístunda og menningarráðs

Harpa Elín er núverandi áheyrnarfulltrúi, hún býður sig fram aftur og er kosin samhljóða

Æsa er áfram varamaður.

### 6. Skoðunarmenn reikninga

Victoria og Elísabet Ásta halda áfram sem skoðunarmenn reikninga, samþykkt samhljóða.

### 7. Félagsgjöld

Hafa verið 1.500 kr. Samþykkt að halda því óbreyttu. Ákveðið að halda félagsgjöldum í lágmarki, frekar að fara í fjáraflanir ef stærri viðburðir liggja fyrir.

### 8. Önnur mál.

a. Hugmynd að skipulagi að skipta viðburðum á milli bekkja, ákveðnir bekkir taka til eftir laufabraud, og föndurkvöld, o.s.frv. Það kom upp hugmynd að bekkjarfulltrúar væru kosnir fyrir eina önn í senn, ef til vill væri þanig auðveldara að fá fólk til að taka þátt í bekkjarfulltrúastarfinu. Ákveðið var að koma bekkjarfulltrúastarfinu af stað og taka svo stöðuna um hvernig væru best að setja það upp.

b. Pantar skólapeysur, fyrir nokkrum árum kom upp sú hugmynd meðal nemenda í Víkurskóla að pantar skólapeysur, með logo. Foreldrar eru áhugasamir að taka upp þann þráð aftur og stefnt að því að pantar peysur í vetur. Umræða um þetta á fundinum og jafnframt rætt um ef einhverjir foreldrar væru með tengsl uppá að fá peysur á góðu verði.

c. Bílastæðamál við skólann, stjórn foreldrafélags lýsir yfir áhyggjum yfir mikilli umferð rétt við leiksvæði barnanna. Einnig finnst foreldrum að vanta fleiri gangbrautir við skólann. Stjórn foreldrafélags mun rita erindi þess efni og senda á Fjölskyldu frístunda og menningarráð.

d. Minnt á fyrirlestur skólaráðs og foreldrafélags 12. október

e. Kynning á skólareglum Víkurskóla. Kom upp fyrirspurn hvort ekki vantaði að notkun snjalltækja í skólanum væri óheimil.

f. Aðstæður og aðbúnaður á leiksvæði grunnskólans rætt. Foreldrar voru sammála um töluverðra umbóta væri þörf á leiksvæðinu, tartanið væri m.a. orðið mjög lélegt og hættulegt.

g. Upp kom umræða um hádegismatinn í skólanum, ekki ánægja með fæðuval til barnanna. Of mikill unninn matur og matseðill stenst ekki alltaf. Rætt um að setja á þrýsting að bæta úr þessu svo tekið sé tillit til næringarmarkmiða landlæknisembættis.

Fundi slitið kl. 19:15